




Nefndasvið Alþingis
B.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2008

Umsögn um þingsályktunartillögu um takmörkun á losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti.

Landvernd fagnar framkominni tillögu enda hefur útblástur jarðvarmavirkjana á brennisteinsvetni valdið íbúum í Hveragerði og austurhluta Reykjavíkur ónæði.

Linurit yfir loftmælingar



Linuritú sýnir eingöngu óyfirfarin gögn úr mæltækjum og því eru villur á stóku stað.

Eingöngu eru sýnd gögn frá mælistöðvum í Reykjavík en unnið er að birtingu gagna frá öðrum mælistöðvum.

Mælingar á Grensásvegi og í Fjölskyldu- og húsdýragerðinum eru gerðar í samvinnu Umhverfisstofnunar og Umhverfissviðs Reykjavíkur.

finna heimildarákvæði fyrir heilbrigðisnefndir sem geta takmarkað starfsemi ef óþæginda gættir af völdum mengandi efna sem ekki gilda sérstakar reglur um. Því ættu útgefendur starfsleyfa, þ.e. viðkomandi heilbrigðisnefnd, nú þegar að geta sett takmarkandi ákvæði í starfsleyfin, sbr. 2. mgr. 15. gr. rgl. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rétt er að minna á að í skilgreiningu löggjafans á mengun telst ólykt einnig til mengunar. Einhverra hluta vegna hafa leyfisveitendur ekki nýtt sér heimildir sínar og talað hefur verið um úrræðaleysi þar sem ekki gildi neinar reglur um styrk brennisteinsvetnis.

Í febrúar árið 2006 hóf Umhverfissvið Reykjavíkur stöðugar mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti í Reykjavík. Mælt er í mælistöð Umhverfisstofnunar og Umhverfissviðs Reykjavíkur sem staðsett er á gatnamótum Grensásvegjar og Miklubrautar. Mælingarnar hófust m.a. til að fylgjast með áhrifum jarðhitavirkjana á loftgæði í höfuðborginni.


Hér til hliðar má sjá niðurstöður mælinga við Grensásveg. Rauða strikið sýnir “ónæðismörk” sem skilgreind hafa verið í Kaliforníu. Eins og sjá má þá fer styrkur brennisteinsvetnis oft yfir þessi mörk eftir að Hellisheðarvirkjaun hóf rekstur. Skoðun á veðurfarsgögnum sýnir að virkjanir á Hengilssvæðinu eru mengunarvaldurinn.

Í reglugerð um loftgæði, 787/1999 eru ákvæði sem gera atvinnurekendum að lágmarka loftmengun frá starfsemi sinni. Þar er líka að

Nú hefur orðið vart skemmda á mosa í nágrenni Hellsheiðarvirkjunar og virkjunarinnar í Svartsengi. Virkjunin í Svartsengi hefur verið starfandi í um 30 ár og framleiðsla farið vaxandi á þeim tíma. Orkuver sex var nýlega gangsett og svo virðist sem styrkur brennisteinsvetnis hafi í kjölfarið farið yfir þolmörk mosans en fram að því hafði ekki orðið vart við gróðurskemmdir af þessu tagi. Náttúrufræðistofnun Íslands kemst að þeirri niðurstöðu að öruggt megi telja að gróðurskemmdirnar stafi af loftmengun enda er mosi mjög viðkvæmur fyrir loftmengun þar sem hann tekur inn næringu úr lofti en ekki um rætur eins og flestar plöntur.

Landvernd mælir því með því að tillagan nái fram að ganga þannig að leyfisveitendum og eftirlitsaðilum verði gefin styrkari stoð til þess að takast á við þau loftmengunarvandamál sem fylgja aukinni losun brennisteinsvetnis.

Með vinsemd og virðingu,



Bergur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Landverndar